

# Grennri á tíu dögum

- lengri augnhár - silkimjúk húð

Fullyrðingar sem þessar eru algengar þegar snyrtivörur og megrunarvörur eru auglýstar. Þá virðist aukaatriði hvort staðhæfingarnar eru réttar eða ekki en samkvæmt lögum mega auglýsingar hvorki vera rangar eða villandi né veita ófullnægjandi upplýsingar.

## Peningarnir hverfa en ekki aukakilóin

Fyrir nokkrum árum tóku dönsku neytendasamtökin sig til og keyptu 42 vörur sem allar lofuðu „grennandi áhrifum“. Sérfræðingar samtakanna kröfðust þess að fá þau rannsóknargögn í hendur sem fullyrðingarnar byggðu á. Til að gera langa sögu stutta var niðurstaða sérfræðinganna sú að verið væri að gabba neytendur og að það eina sem hyrfi væru peningarnir. Í framhaldinu kærðu samtökin 38 vörur til matvælaeftirlitsins sem fjarlægði fjölda vara úr hillum verslana. Nokkrum mánuðum síðar höfðu margar varanna hins vegar ratað aftur í verslanir og því virðist þurfa stanslaust eftirlit með markaðinum.



## Maskari sem lengir augnhárin

Ef einhver fer yfir strikið er það snyrtivörubransinn. Ef marka má auglýsingu frá L'Oreal getur maskarinn Telescopic, sem hin iðillfagra Penelope Cruz notar, lengt augnhárin um 60%. Fram kemur að þennan undraverða árangur megi þakka sveigjanlegum bursta en sú skýring virð-

ist heldur ótrúverðug. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að Penelope er með gerviaugnhár í auglýsingunni svo það er ekki að undra að hárin séu þétt og löng og augnaráðið seiðandi.

Konu nokkurri í Bretlandi var nóg boðið og kærði hún auglýsinguna til Advertising Standards Authorities eða ASA, sem er opinber eftirlitsstofnun sem sér um að lögum um auglýsingar sé framfylgt. Hér á landi fer Neytendastofa með þetta eftirlit. Breska eftirlitsstofnunin úrskurðaði að auglýsingin væri villandi og fór fram á að auglýsingarnar væru teknar úr umferð.

## Hrökkukrem sem virka ekki

Árið 2005 úrskurðaði ASA að auglýsingar um hrökkukrem, með Claudiu Schiffer í aðalhlutverki, væru villandi. Í þessum auglýsingum var fullyrt að 76% segðust merkja sjáanlegan árangur í baráttu við hrökkumar en að mati sérfræðinga ASA gat fyrirtækið ekki lagt fram nægjanleg gögn til að rökstyðja þessa fullyrðingu.

Í fyrra úrskurðaði svo ASA að snyrtivöruframleiðandanum Avon væri ekki heimilt að auglýsa krem á þann hátt að um væri að ræða andlitslyftingu í krukku. Taldi stofnunin ekki sannað að kremið gerði meira gagn en venjulegt rakakrem.

## Of gott til að vera satt!

Hér fyrir neðan má sjá dæmi úr auglýsingum sem birst hafa á Íslandi. Ef kremin virka eins og lofað er má spyrja hvort fegrunaraðgerðir heyri ekki brátt sögunni til.

- Grenningarkrem sem virkar hratt og örugglega
- Fyrir konur sem ætla að grenna sig á örskömmum tíma
- Ein áhrifamesta aðferðin til að grennast og í baráttunni við appelsínuhúð
- Þéttir og vinnur gegn öldrun
- Háþróuð tækni sem örvar framleiðslu kollagens í húðinni
- Losaðu þig við 3 cm og endurmótaðu línurnar á ákveðnum stöðum!
- Vinnur á virkan hátt gegn appelsínuhúð
- 80% kvenna voru sannfærð um að varan hefði megrunaráhrif



# Eftirlit

## með auglýsingum á Íslandi

Neytendastofa fer með eftirlit með lögum um ólögsmæta viðskiptahætti og þar undir falla auglýsingar. Neytendablaðið hitti Þórunni Önnu Árnadóttur, sviðsstjóra neytendaréttarsviðs, að máli og lagði fyrir hana nokkrar spurningar.

**Hefur Neytendastofa fengið mál inn á borð til sín sem snúa að villandi markaðssetningu á snyrtivörum eða megrunarvörum?**

Neytendastofa hefur fengið kvartanir bæði vegna markaðssetningar á snyrtivörum og á megrunarvörum. Í einhverjum tilvikum hefur markaðssetningin verið talin villandi.

**Hvað er gert í slíkum tilfellum?**

Stór liður í markaðssetningu eru auglýsingar. Leiki grunur á því að fullyrðing í auglýsingu standist ekki er auglýsandi krafinn um sannanir fyrir fullyrðingunni en að öðrum kosti að breyta auglýsingunni. Sem betur fer lýkur flestum málum af þessu tagi áður en til formlegrar ákvörðunar kemur. Þó hefur nokkrum málum lokið á þann hátt. Sem dæmi má nefna auglýsingu

á fæðubótarefni sem bönnuð var með formlegri ákvörðun, en í auglýsingunni sagði um áhrif efnisins:

„Gripur inn í óæskilega hrömun líkamans og það sem betra er, snýr þróuninni til baka. Aukið andlegt jafnvægi og hæfni til að takast á við álag og áreiti. Léttari lund. Eykur lífsþrótt og úthald. Betri svefn. Bætt kynlíf. Meiri liðleiki. Skarpara minni. Þykkara hár og sterkari neglur. Sléttari og stinnari húð.“

**Takið þið upp mál að eigin frumkvæði eða þurfið þið að fá aðsenda kvörtun?**

Neytendastofa gerir hvort tveggja, tekur mál upp að eigin frumkvæði eða í tilefni kvörtunar.

**Hafið þið bolmagn til að leggjast yfir rannsóknir á hrukkremum og meta hvort fullyrðingarnar séu á rökum reistar?**

Það liggur í augum uppi að starfsmenn Neytendastofu hafa ekki þekkingu til að rannsaka hrukkrem. Ef ástæða er til þá

leitast stofnunin til sérfræðinga sem hafa aðstöðu til að rannsaka slíka hluti. Í málum af þessu tagi er yfirleitt farin sú leið að krefja auglýsanda um gögn sem sanna fullyrðingarnar. Sinni hann því ekki og heldur jafnvel áfram að auglýsa má beita hann sektum.

**En er ekki alvarlegt ef það er látið óátalið þegar sumar tegundir auglýsinga fara augljóslega yfir strikið?**

Vissulega er það alvarlegt. Auglýsing þar sem beitt er blekkingum í þeim eina tilgangi að auka sölu er brot á ákvæðum laga um óréttmæta viðskiptahætti og er refsiverð.

**Hvað er til ráða?**

Að upplýsa Neytendastofu um auglýsingar sem hugsanlega brjóta ákvæði laga um óréttmæta viðskiptahætti. Reynist svo vera bannar stofnunin birtingu þeirra og beittir auglýsanda sektum sé brotið alvarlegt.



## Dýrir rafmagnstannburstar bestir

Í sænska neytendablaðinu Råd och Rön, mars 2008, er birt gæðakönnun á 7 rafmagnstannburstum. Bestu einkunn fá tveir tannburstar frá Braun (Oral-B Professional Care 9900 Smartguide og Oral-B Professional Care 9500) en tveir ódýrir tannburstar frá Colgate (360 microsonic Power og Colgate motion) reka lestina. Tannfræðingur í Svíþjóð, sem vinnur að doktorsrannsókn sinni, segist lengi hafa talið að venjulegir tannburstar gerðu sama gagn og rafmagnstannburstar en nú sé hún farin að ráðleggja fólki að nota frekar rafmagnstannbursta. Það sé þó mikilvægt að nota tannburstann rétt og ekki eigi að draga tannburstann fram og aftur yfir tennurnar heldur taka eina tönn fyrir í einu. Börn þurfi hjálp við rafmagnstannbursta rétt eins og með venjulega bursta. Råd och Rön mælir ekki með allra ódýrustu burstunum og miðað við þessa könnun er samhengi á milli verðs og gæða. Dýrasti tannburstinn kostar hátt í 20.000 krónur en sá ódýrasti innan við 1.000 krónur.

## Skaðlegt efni í tannkremi

Nokkuð hefur verið talað um efnið triclosan, sem er bakteríudrepani og var um tíma notað í alls kyns neysluvörur; sápur, eldhústuskur og jafnvel fatnað. Í ljós kom að efnið getur verið skaðlegt lífríkinu þar sem það er lengi að brotna niður og hefur fundist í fiskum og brjóstamjólk. Í kjölfarið snarminnkaði notkun á efninu en það er þó enn að finna í nokkrum tannkremstegundum. Sænsku náttúruverndarsamtökin (Naturskyddsföreningen) áætla að fjögur tonn af triclosan fari út í umhverfið á ári hverju og að þar af megi rekja tvö tonn til tannkremnotkunar. Samtökin vilja að efnið verði alfarið bannað í neysluvörum enda hefur það takmörkuð áhrif nema fólk eigi við einhver tannholdsvandamál að stríða. Þá bendir ýmislegt til að efnið geti gert bakteríur ónæmar. Í Svíþjóð hafa sumar verslanakeðjur hætt að selja tannkrem sem inniheldur triclosan vegna þrýstings frá neytendum. Ef tannkrem inniheldur triclosan má sjá það á innihaldslýsingu.